

**Textalýsingar á teikningum John Baines
úr Stanley leiðangrinum 1789
Unnið fyrir gagnagrunn Landsbókasafns Íslands vor 2012**

**Textalýsingar á teikningum John Baines
úr Stanley leiðangrinum 1789
Unnið fyrir gagnagrunn Landsbókasafns Íslands vor 2012**

Leiðarlýsing: 2. júlí landsýn suðurströnd Íslands. Siglt að Vestmannaeyjum með ströndinni fyrir Reykjanes og til Hafnarfjarðar, landað í Hafnarfirði 4. júlí. Frá Hafnarfirði til Bessastaða, til Reykjavíkur. Lagt í leiðangur til Krísuvíkur 9. júlí. Sigldur Faxaflói að Stapa, Snæfellsnesi landað við Stapa 14. júlí. Tilbaka til Hafnarfjarðar/Reykjavíkur. Lagt af stað í leiðangur til Heklu 29. júlí. Ferjaðir yfir Ölfusá og Þjórsá. Ná að Heklurótum 7. ágúst. Eru í Skálholti 11. ágúst. Koma að Geysi 12. ágúst. Að Þingvöllum 18. ágúst. Á leið til baka til Reykjavíkur koma þeir við við í myllu u.þ.b. 5 mílur frá Reykjavík. Til Reykjavíkur 19. ágúst. Síðasta síða í dagbók Baines skráð í Reykjavík 30. ágúst.

Lbs 890 fol. pdf 0008 pdf

Þéttskrifaður, handritaður listi (rithönd J.B.) yfir 150 teikningar frá Orkneyjum, Færeyjum, Íslandi og Danmörku. Teiknaðar í leiðangri John Stanley 1789.

Lbs 890 fol. pdf 0011 pdf

Stærð: 24.3 cm x 38.6

Lýsing:

2 fremur smáar láréttar snöggteiknaðar panorama teikningar á sömu örk, unnar með svörtu bleki og penna/ pennastöng á mjög þunnan pappír. Hvor teikning í tveimur hlutum, hvor upp af annarri, lárétt. Teiknipappírinn límdu upp á þykkari pappírsörk.

(T.1) Yfir efstu teikningunni (T.1) skrifað með pennaskrift:

*Appearance of Westmann's Islands about 23 miles at 8 h pm **

Láréttar hraðar línur sem marka sjóndeildarhring, smá form (eyjar) upp af línum sjóndeildarhringsins, þau skástrikuð. Til hægri á teikningu skráð NE í E , yst til hægri við kant pappírs, eitt form (eyja) merkt A . Teikningin heldur áfram í næstu línu. Lengst til vinstri í næstu línu skráð NNW og ysta form til vinstri merkt A - og þar í framhaldi NNE.

(T.2) Ný teikning í 3. línu;

Yfir teikningu skráð með pennaskrift :

*Appearance of land at the of 3 miles from it **

Form lengst til vinstri (eyja) merkt A.

Láréttur sjóndeildarhringur eftir örkinni endilangri, fleiri form í klasa til hægri allt að kanti pappírsins.

Teikningin virðist halda áfram í næstu línu, skráð þar fyrir ofan:

*View of at A in fog **

Lárétt lína sjóndeildarhrings með klasa af formum (eyjum) frá vinstri sem hverfa í yfirstrikuð óljós form (þoka)

Lbs 890 fol. pdf 0012.b.pdf

Stærð: Teikning 1(efri) : 10.5cm x 38.6cm

Teikning 2: 14.5cm x 38.8cm

Lýsing:

2 "panorama" teikningar unnar með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunnan pappír, sem virðist vera strokið yfir með þunnum fernis (sem hefur gulnað með tímanum?). Teikningarnar límdar hver upp af annarri á fremur þykka hvíta pappírsörk.

Teikning 1

lýsing:

Efst í horni til vinstri á efri teikningu :

Skrifað 55, strikað yfir töluna 68 með blýanti.

Skrifað með penna og bleki þar fyrir neðan : To Krusivíg - . (Krisuvík)

A beautiful little lake on the top of the sulphur mountains

near Krusivig - from the N A

Teiknað með hröðum penna / pennastöng,

allt að því samhverf (symmetrisk) "panorama" teikning.

Í forgrunninum miðjum og langt út til beggja hliða: láréttar línur kyrrláts og spegilslétt vatnsyfirborðs. Með fínni línu dregið upp hringlaga form alls vatnsflatarins. Neðst beggja vegna er forgrunnur- móar/möl- teiknað með stuttum, þéttum, hröðum penna. Upp frá vatnslínunni í boga eru fjöllin sem kringja það og sem speglast í vatnsfletinum, lægst þau sem fjærst eru. Fjöllin rísa hæst í teikningunni til beggja hliða, dregin með löngum lóðréttum- og skáðregnum línum sem eru þveraðar með þéttum, stuttum láréttum og skásettum línum. Jarðlögum og uppbyggingu bergs virðist veitt sérstök athygli.

Breiðar línur þar sem pennanum er þrýst þétt á pappírinn, fínlegar línur þar sem teiknað er létt. Teikningin ákaflega lifandi og hlaðin athygli á viðfangsefninu.

Teikning 2,

lýsing:

Efst í horni til vinstri á neðri teikningu:

stríkað yfir töluna 69 með blýanti, skrifað 56 með blýanti

Skrifað með penna og bleki þar fyrir neðan :

View of the boiling spring on the top of the sulphur mountain.

July 9, h " hh pm the first mountain **(ATH)**

Teiknað með hröðum penna / pennastöng, "panorama" teikning þar sem fjallsöxlin vinstra megin skarast fram fyrir fjallshrygg sem liggur hæst hægra megin og lækkar inn á bak við öxlina vinstra megin. Undir fjallsöxlinni vinstra megin er hringlaga form og upp frá því liggja á ská til hægri léttar óreglulegar bogalínur. Athygl teiknarans er á fjallsöxlinni til vinstri og hvernium undir henni, fjallshryggurinn hægra megin í myndfleti dreginn upp með meiri fjarlægð.

Lbs 890 fol. pdf 0013.b pdf

Stærð: 20cm x 39cm

Lýsing:

Tvær teikningar á sömu örki;

planteikning vinstra megin, þverskurður hægra megin.

Teiknað með penna/pennastöng á mjög þunnan teiknipappír. Límt upp á þykkari pappír.

Yfir teikningunni vinstra megin (**planteikning**) er skýringartexti skráður með pennaskrift:
Plan of amount of lavabetween H.....and K.....mountains near Krisuvig

Teikningin vinstra megin er hringlaga form sem skipt er í þrjá meginhluta með Y-laga formi. Það form (Y-laga) er skyggt dökkt með lóðréttum og þéttum samsíða línum; gefur til kynna þykkar sprungur í 3 áttir, þykkust í miðju formsins, hver þeirra hcerfist í einn punkt við jaðar formsins. Innan hvers hinna þriggja hluta eru fleiri minni sprungur. Sá hluti sem er hægra

megin er dekkur með láréttum línunum og gefur það forminu rúmtak. Utan við jaðar formsins hægra megin er merkt **B**, en gagnstætt vinstra megin, utan við jaðar hringlaga formsins er merkt **A**. Lárétt punktalína dregin milli **A** og **B**

Yfir teikningunni hægra megin (þverskurðarteikning) er skýringartexti skráður með pennaskrift:

S.....H.....line **A - B**. Height **C - D**

About or 50 feet

Lýsing:

Lárétt lína milli a og b, **C** merkt á miðri láréttu línunni. Dregin lína upp af láréttu línunni í boga upp frá punkti a til punkts b með hápunkti í **D**, lóðrétt yfir punkti **C**.

Skástrikaður kjarni innan formsins með gangi út um punkt **D** sem gefur til kynna tvenns konar berg innan bungunnar.

Lbs 890 fol. pdf 0014. pdf

Stærð: Teikning 1(efri): 19.5 x 39cm Teikning 2:10.3cm x 77cm

Lýsing:

Tvær teikningar límdar upp á sömu þykku pappírsörkina, hver upp af annarri. Unnar með svörtu bleki og með penna/ pennastöng á mjög þunnan teiknipappír.

Neðri teikningin (teikning 2) er panoramateikning á tveim jafnstórum blöðum, helmingi lengri en sú efri og lögð þunnum fernis (- sem hefur gulnað?). Teikningin er opnuð út á næstu síðu - eða brotin saman inn yfir blaðið.

Teikning 1:

Teikningin sýnir Krísuvíkurbýlið og útihús, miklir gufubólstrar stíga upp í bakgrunni.

Teikningin er unnin með hröðum stuttum pennastrikum, lárétt, lóðrétt og á ská. . Lengst til vinstri handan býlisins rís fjall með klettabeltum og fjallgarður í framhaldi af því sem teygir sig þvert yfir myndflötinn. Frá hægri, Krísuvíkurvatn.

Teikning 2:

Skrifað með pennaskrift efst á teiknipappírinn - (skriftin er svo ofarlega á pappírnum að greinilegt er að skorið hefur verið ofan af teikningunni/skriftinni):

View of Krisuvig from the S.West

Hratt teiknuð panoramateikning af Krísuvíkurbýlinu. Sýnir stærra svæði frá öðru sjónarhorni; frá suð-vestri.

Lbs. 890 fol. pdf 0016.a pdf

Stærð: 24.2cm x 38.5cm

Lýsing:

Vatnslituð teikning límd upp á þykka pappírsörk. Teiknað yfir vatnslit með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunna teiknipappír.

Skrifað efst á teikninguna:

A.....lake on the top of the Sulphur Mountains near the top of thetowards Havnefjord and a little.....

Teikningin er nokkuð mikið unnin og af augljósri ástríðu gagnvar viðfangsefninu sem er lítil hringlaga tjörn/stöðuvatn hægra megin í myndfletinum, en upp af því brattir tindar eða hraunhraukar en djúpt skarð milli þeirra vinstra megin við miðju myndflatar.

Í upphafi er viðfangsefnið mótað með vatnslitunum; blágrár og rauðbrúnt vatnslitaskol, litur sumstaðar mikill og dökkur í fjöllum, þunnur ljósblárblágrár litur í vatni og himni.

Síðan teiknað yfir með svörtu bleki / penna / pennastöng. Ákaflega lifandi og fjölbreytt línubeiting. Þétt, stutt strik, punktar og kommur, lárétt, lóðrétt og á ská í berginu, línur halla inn að tjörninni. Langar láréttar línur í himni og í vatni. Teikningin er hlaðin áhuga og ástríðu fyrir stund og stað. (Minnir á Van-Gogh (1853-1890) pennateikningarnar af ökrum, gördum og túnum - þ.e.a.s. teikniaðferðin, nálgun teiknarans).

Lbs. 890 fol. pdf 0017.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.7cm

Lýsing:

Planteikning límd upp á þykka pappírsörk. Unnið með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunna teiknipappír.

Skrifað efst á teikninguna:

Plan (observer's..?) view of the east westpher : orlingvells near Krisuvig.

Hröð teikning er sýnir svæði þar sem er dalur og hæðir og fjallgarður efst og þvert yfir.

Hverasvæði; skrifað/merkt inn á teikninguna á mörgum stöðum. Merkt vinstra megin um

miðju **A**. Lengst til hægri rétt neðan við miðju merkt **B** og inni í teikningunni ofan og

hægra megin við miðju merkt **C**. Inn á teikninguna er merkt **Sulph.** á 5-6 stöðum, hér og þar á teikningunni.

Lbs. 890 fol. pdf 0018.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.8cm

Lýsing:

Planteikning límd upp á þykka pappírsörk. Unnið yfir bláan, blágráan og okkurbrúnan vatnslit með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunna teiknipappír, vatnslitur jafnframt lagður yfir pennateikninguna á nokkrum stöðum. Teikningin er lögð þunnum fernis (- sem hefur gulnað?)

Skrifað efst á teikninguna:

View of the east-west sulph.well.

Skrifað inn á teikninguna neðst: Banks of sulphur

Skrifað inn á teikninguna lengst til vinstri á ská: White clay

Skrifað inn á teikninguna til hægri á ská : white clay and sulphur

Skrifað inn á teikninguna fyrir miðju : Sulphur

Teiknað er andspænis brekkum þar sem eru tvö djúp gil sitt hvoru megin við rjúkandi hver. Athyglinni beint að hvernum með dökkum penna - og gufustróknum upp af honum. langar línur í brekkunum, styttri og ákafari strik í kringum hverinn og í fjöllum/hæðum í baksýn.

Lbs. 890 fol. pdf 0019.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Skrifað efst á teikningu:

Plan of the great well

Skrifað inn á teikningu í forgrunni: Banks of sulphur

Fleira er skrifað/merkt inn á teikninguna með skrifstöfum, ógreinilegt að lesa.

Skrifað neðst á teikningu: **A** the great well where the matter blows as ink boils with violenceCrust (?) where the matter boils with fury and noise **C** another hot

Teikningin er planteikning sem útskýrir afstöðu stærsta hversins (í Krísuvík?)

Lbs. 890 fol. pdf 0020.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.8cm

Lýsing:

Ein vatnslituð teikning límd upp á þykka pappírsörk. Unnið yfir bláan, blágráan og okkurbrúnan vatnslit með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunna teiknipappír. Teikningin er lögð þunnum fernis (- sem hefur gulnað?)

Ákaflega tjáningarrík teikning af stærsta hvernum (the great well); hveraopið örlítið hægra megin við miðja teikningu, teiknað þéttum strikum sem mynda svartan flöt, léttari bogalínur þar uppaf og til vinstri við aðal hverinn, minna þríhyrningslaga dökkt hveraform, sem gufan stígur upp af.

Lbs. 890 fol. pdf 0021.a pdf

Stærð: 24.6cm x 38.9

Lýsing:

Planteikning límd upp á þykka pappírsörk. Unnið með svörtu bleki og penna/pennastöng á mjög þunna teiknipappír.

Skrifað efst á teikninguna:

General plan of the westmost boiling springs of the sulphur mountains near Krisuvig.

Skrifað neðst á teikningu til hægri:

Boiling springs on banks of sulphur

Skrifað neðst á teikningu til vinstri:

Ýmsar flier athugasemdir skráðar inn á teikninguna: Banks of boiling well / Sulphur banks o.fl.

Teikningin er planteikning, en ekki "skematísk" miklu fremur ákaflega tjáningarík og minnir aftur á pennateikningar Van Gogh (um 100 árum síðar). Yfir myndflötinn liðast bugðótt lína sem sýnir að líkindum farvegi sjóðandi hveraleðju.

Lbs. 890 fol. pdf 0022.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Vatnslituð teikning límd upp á þykka pappírsörk. Línuteikning með svörtu bleki og penna/pennastöng yfir bláan, blágráan, gulgrænan og okkurbrúnan vatnslit á mjög þunnan teiknipappír.

Skrifað efst á teikninguna:

View of the westmost of the obiling springs. Plan N (?). The view from plan N near C Merkt **A** inn á teikninguna neðarlega vinstra megin við miðju á grænt svæði; þar fyrir ofan er stærsti gufustrókurinn - fyrir neðan gufustrókinn grænt svæði, skrifað SULPHUR Hægra megin við miðju er líka merkt SULPHUR

Neðst á teikningunni er skrifaður texti sem ógreinilegt er að lesa

Skriftin inni á teikningunni rennur á áhugaverðan hátt inn í sjálfa teikninguna, verður hluti af henni. Þegar vatnsliturinn var lagður í upphafi, hefur teiknarinn bleytt pappírinn vel sumstaðar þannig að hann er á köflum enn blautur þegar hann byrjar að teikna með pennastönginni, það gerir að línuna "blæðir" sumstaðar, bæði í teiknilínunum en einnig í skriftarlínunum. Það gefur línunni ákveðinn karakter, sem þéttir teikninguna, gefur henni meiri massa

Lbs. 890 fol. pdf 0023.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Vatnslituð teikning límd upp á þykka pappírsörk. Línuteikning með svörtu bleki og penna/pennastöng yfir bláan, blágráan, gulgrænan og okkurbrúnan vatnslit á mjög þunnan teiknipappír.

Skrifað efst á teikninguna:

The river Kaldaen loosing itself below the between the Havenfjord and the Sulphur mountains.

Teikningin er ákaflega lifandi og ástríðufull með mjög fjölbreyttri pennabeitingu/áferð; dimmt fjallið/hlíðin í forgrunni til hægri, hraunbreiðan lárétt yfir myndflötinn, opið og ljóst yfirborð árinna, þétt fjallakeðja í baksýn - gráblár og okkur-vatnslitur liggur undir teikningunni, opinn og ljósblár himininn kallast á við ljósan litinn í ánni. Fremst fyrir miðju er teiknuð lág húsapyrping.

Lbs. 890 fol. pdf 0024. pdf

Stærð: 24cm x 77.5cm

Lýsing:

Panoramateikning, samsett, á tveim jafnstórum teikniörkum. Svart-hvít línuteikning með bleki og penna/pennastöng á mjög þunnan teiknipappír; límd upp á þykka pappírsörk.

Engin skrift eða áletrun á teikningunni

Teiknarinn hefur haft óskipta athygli á viðfangefninu og gefið sér góðan tíma til að fullvinna verkið, teikningin er ítarlega unnin. Teikningin er á við vandlega unnar panoramateikningar Baine frá Færeyjum - úr sama leiðangri. Teikningin sýnir stórt svæði - panorama - (Krisuvík/Krisuvíkurvatn?) þar sem beggja vegna við vatnsyfirborð til vinstri og til hægri á teikningunni eru teiknaðir gufubólstrar í fjallshlíðum. Fjallakeðjan vinstra megin nær lárétt allt að miðju teikningarinnar og stíga bólstrar upp af nánast hverri hlíð. Gufubólstrarnir teygja sig í logninu inn í himininn sem er skýjaður og þungur; himinninn og gufubólstrarnir teiknaðir með fínlegum stuttum línunum, beinum og bogadregnum sem skarast og krossast. Himinninn, fjallgarðarnir og gufubólstrarnir ná yfir helming myndflatarins og eru teiknaranum tilefni mjög áhugaverðrar, fínlegrar og tjáningarríkrar teikningar þar sem mjög nákvæmum, fínum penna er beitt. Forgrunnur er grófari teikning, þykkari strik og dekkri fletir.

Lbs. 890 fol. pdf 0026 pdf

Stærð: 14.5cm x 77cm

Lýsing:

Panoramateikning, samsett, á tveim jafnstórum teikniörkum, sú til vinstri er helminguð lárétt. Svart-hvít línuteikning með bleki og penna/pennastöng á mjög þunnan teiknipappír; límd upp á þykka pappírsörk. Brotin saman um miðju, opnast til hægri.

Skrifað efst á teikningu:

View of Havnefjord at 2 or 3 length.....

Skrifað neðst til vinstri á teikningu:

The horizon in this part is too high in consequence of its.....taken on a different fol. of the D.book

Hröð panoramateikning af innsiglingu í Hafnarfjörð. Láréttar línur í sjávaryfirborðið, húsapýrpingar beggja vegna við úfinn hraunkamb sem veltur í sjó fram um miðbik teikningar.

Hraunkamburinn er höfundu efni í fjölskrúðuga og áhugaverða pennabeitingu.

Lbs. 890 fol. pdf 0028a pdf

Stærð: Teikning 1 (efri) 16.5cm x 38.8cm Teikning 2: 12.5cm x 41.5cm

Lýsing:

Tvær svart-hvítar línuteikningar með bleki og penna/pennastöng á mjög þunnan teiknipappír; límdar hvor upp af annarri á eina þykka pappírsörk.

Neðri teikningin hefur augljóslega upphaflega verið panoramateikning af Snæfellsjökli, Stapa og Snæfellsnesi, á tveim teikniörkum, samsett, en hægri hluti teikningarinnar verið skorinn af rétt við samsetninguna þannig að aðeins sér örlítið af þeirri örk.

Ónærgætislega farið með teikninguna; teikningin hefur rifnað (við upplímimnguna?), flípi af teiknipappírnum brotinn til hliðar við gat á pappírnum. Fleiri göt á teikningunni, inná henni og á jöðrum pappírsins.

Efri teikning (teikning 1):

Skrifað efst á teikningu:

Bessestet from the observatory **A** the Casette of Bessestet **B** the Astronomer's house

Teikningin sýnir háreist en mjótt timburhús með háum og mjóum gluggaopum (the Observatory) í forgrunni til vinstri, hin húsin fjær til hægri, lauslega teiknuð fjöll í bakgrunni.

Neðri teikning (teikning 2):

Skrifað efst á teikningu;

View of Snaefellbearing f. Cem. NNW.....about 3 leag...(?)

Hröð panoramateikning af Snæfellsökli og Stapa, gígurinn dreginn fram með geislalínnum.

Sbr. Volume 3 : Diary of John Baine bls. 96 í The Journals of the Stanley Expedition to the Faroe Islands and Iceland in 1789

Lbs. 890 fol. pdf 0029 pdf

2 pennateikningar, Panoramateikningar, teiknaðar af hafi að ströndinni við Stapa.

Efri teikning límd saman rétt vinstra megin v. miðju

neðri teikning límd saman á 2 stöðum.

Stærð: Teikning 1 (efri) 14cm x 76cm Teikning 2: 11
4cm x 10 (lengst t.h. 5cm)

Lýsing:

Teikning 1:

Teikningin sýnir Stapann (vinstra megin v. miðju), þyrping smárra húsa undir Stapanum, Snæfellsjökull sést á milli Stapan og fjallendisins til hægri við Stapann.

Skrifað efst:

“A view of Stappen at the entrance of the harbour”

Teikning 2:

Löng panoramateikning, teiknað frá hafi úr meiri fjarlægð en efri teikningin, frekar hröð teikning, sem sýnir meira og minna Snæfellsnesið allt, Snæfellsjökull sést allur.

Skrifað efst til vinstri:

“Another view of Sneefield.....of Stappen hill **A** , **NNW** ...2 miles with the adjoining mountains for about half round the

Skrifað efst fyrir miðju:
Contur..... of the mountains N of Sneefield

Lbs. 890 fol. pdf 0031 pdf

Stærð: 24cm x 39cm

Lýsing:

Planteikning teiknuð m. penna / bleki á þunnan teiknipappír, límd á þykkari pappír.
Inni á planteikningunni af strandlengjunni af Stapasvæðinu fellir teiknarinn inn sérstaka einfalda planteikningu af basaltsúlum / stuðlabergs formum.

Skrifað fyrir miðju á teikniörkina - efst á teikningu:

Plan of Stappen and the basalt columns

Inn á innfelldu teikninguna af basalt súlunum skrifað:

Plan of forms ' columns (ógreinilegt) Stappen

Skráð inn á teikningu ýmsar athugasemdir:

Efst í hornið til hægri:

Foot of Stappen-hill

Fyrir miðju yfir stórt svæði: Fine Grafs

Lengst til hægri:

Boat harbor and landing.....

Vinstra megin við þessa athugasemd: Our first landing

Lengst til vinstri merkt inn **B** og enn lengra til vinstri á litlu nesi: **D , E**

Lbs. 890 fol. pdf 0032a pdf

Stærð: 24cm x 38.8cm

Lýsing:

4 Planteikningar á sömu örk teiknað m. penna / bleki á þunnan teiknipappír, límd á þykkari pappír.

Teikniörkinni er með pennateikningunni skipt upp í 4 reiti sem eru teiknaðar þannig að þeir virðast vera 4 aðskilin teikniblöð, pinnuð upp með litlum prjónum - prjónarnir eru teiknaðir í hornunum á þessum teiknuðu blöðum og fallskuggi teiknaður af prjónunum og af teikniblöðunum fjórum eins og blöðin séu lögð hvert yfir annað.
Að öðru leyti lauslega teiknaðar skýringarmyndir.

Fyrsta teikning efst til vinstri er planteikning af helli

Skrifað efst á teikningu :

Plan of the Caves of basalt at Stappen

- Þar fyrir neðan inn á sjálfa teikninguna

Middle Cave (skrifað lárétt) about 30-35 f (skrifað lóðrétt) about 35-40

Önnur teikning neðst til vinstri:

The most cave

Þriðja teikning efst til hægri:
Elevation of the middle cave
inn á sjálfa teikninguna, lóðrétt:
ab. 50 or 60 f high

Fjórða teikning neðst til hægri:
Plan of the most cave of the 3 great ones

Lbs. 890 fol. pdf 0033.a pdf

Stærð: 24.3cm x 38.7cm

Lýsing:
3 teikningar á sömu örk teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límd á þykkari pappír.
Teikning lengst til vinstri nær yfir hálfu örkina, á hægri helming eru tvær teikningar.

Teikning til vinstri:
Skrifað efst í hornið til hægri:
.....Basalts in Stappen harbour
Sjónarhorn teikningarinnar er neðanfrá og upp(úr skipi eða bát) í á við, næst teiknaranum / neðst í myndfleti eru stuðlabergssúlurnar sem vísa niður og fram - langar lóðréttar súlur og sér í endann á nokkrum þeirra. Fyrir ofan og til hægri í sama myndfleti: láréttar stuttar stuðlabergssúlur, sér í endan á öllum.

Teikning til hægri:
Efsti hluti teikningar: Plan af hringlaga formi / gig
Miðhluti teikningar: Þversnið af sama hringlaga forminu / gígnum
Skrifað fyrir neðan þá teikningu skýringartexti sem erfitt er að lesa
Neðsti hluti teikningar: einföld teikning af orfi og ljá. Skrifðu fyrir ofan: The Iceland Syatte

Lbs. 890 fol. pdf 0034.a pdf

Stærð: 24.5cm x 50cm

Lýsing:
Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límd á þykkari pappír.
Teikningin er viðgerð fyrir miðju, en rifinn flipi úr jaðri pappírs efst til hægri, einnig nokkur minni göt í þunna teiknipappírinn.
Skrifað efst á teikningu: View of the harbour of Stappen from the(front?)

Panoramateikning. Sjónlína teikningarinnar er neðan við miðju, en staparnir yst til hægri og vinstri rísa hátt, sá hægra megin allt að jaðri pappírsins efst. Stuðlabergsstaparnir ganga inn að miðjum myndfletinum frá hægri. Gerð glögg grein fyrir stefnu stuðlanna í hverjum stapa; ýmist liggur lárétt í þeim, lóðrétt eða á ská. Í fjarska sjávarflöturinn og seglskip og Snæfellsnesfjallgarðurinn. Í forgrunni grýtt fjara og lítill árabátur í fjörugrjótinu.

Lbs. 890 fol. pdf 0035 pdf

Stærð: 24.5cm x 77cm

Lýsing:

Panoramateikning á tvær arkir, samsett í miðju. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límd á þykkari pappír.

Skrifað neðarlega inn á teikninguna - ofaní línur sem marka öldurót: Another view of the lava at Stappen....opposite to the boat harbor or landing.....

Sjónlína teikningar lárétt fyrir miðju, teiknað af hafi; hraunkamburinn teygir sig fram og er miðjusetur í teikningunni; hægra megin við miðju eru stuðlastaparnir í sjó fram, Stapinn þar upp af og enn fjær - lauslega teiknaður Snæfellsjökullinn.

Vinstra megin við miðju er hraunkamburinn í sjó fram; stakur stuðlakambur rís úr sjó framan við hraunið. Hraðar láréttar línur marka himnininn, svolítið stíft og klunnalegt línuspil í forgrunni markar öldurót.

Lbs. 890 fol. pdf 0037 pdf

Stærð: 24.3cm x 77cm

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Panoramateikning á tvær arkir, samsett í miðju. Teiknarinn hefur skorið neðan af teikningunni endilangri eftir að hann hafði lokið við hana (- neðan af báðum þunnu teikniörkunum sem liggja lárétt) og teiknað að nýju í framhaldi af neðsta hluta teikningarinnar. Teiknari hefur jafnframt bætt Stapanum og efsta hluta gígsins á Snæfellsjökli ofan á teikninguna. Teikningin er unnin af mikilli ástríðu þar sem athyglinni er beint að hraunlögum og basaltsúlum sem skaga í sjó fram. Sjónarhornið er af hafi, en öldurót einungis gefið til kynna með lauflettum bogalínum og óreglulegum stuttum krullulínum. Sjónum skoðandans er mjög ákveðið beint að berginu.

Þ.S. Mín kenning: hann hefur verið ósáttur við lausn sína á teikningu af öldurótinu í forgrunni (sjá teikningu 34.a - þar er teiknari hikandi í skráningu sinni á öldurótinu, verður klunnaleg teikning úr því) og þess vegna skorið þann hluta arkarinnar af og teiknað að nýju á aðra ör og límt nýju teikninguna inn á teikninguna.

Lbs. 890 fol. pdf 0039a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Teiknað innan úr "the great cave" . Sjónlína teikningarinnar er neðarlega; upp fyrir hana rís stuðlabergshvelfing með þaki; fyrir miðju efst er stórt gat í hvelfinguna. Lóðréttar þéttar línur marka dimma lóðréttu stuðlaveggina beggja vegna myndflatar, lóðréttir stuðlarnir mætast í bogalaga opi hvelfingarinnar sem opnast mót björtu hafi, en út um bogformað

opið sést í fjarska lauslega teiknaður Snæfellsnesfjallgarðurinn. Sjálft þak hvelfingarinnar er teiknað með þéttum, dimmum, stuttum línum sem marka stuðla þunnrar þakhvelfingarinnar, þar fyrir ofan opnast gat og sér í dramatískt teiknaðan himinn. Teikningin er öll ýtarlega unnin.

Lbs. 890 fol. pdf 0040. pdf

Stærð: 24.5cm x 60cm

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Panoramateikning, samsett hægra megin við miðju; brotin saman, opnast út til hægri.

Teiknað af hafi, inn í stuðlabergshelli

" the great cave " (sami hellir og á teikningu 0039.b.pdf sbr. Volume 3 : Diary of John Baine bls. 98 í The Journals of the Stanley Expedition to the Faroe Islands and Iceland in 1789) Teikningin er ákaflega formsterk, færni og öryggi teiknarans til að forma með þéttu og fjölbreyttu línuspili kemur vel fram í þessari teikningu af innra rými hellisins, sem vindur sig og opnast út á móts við teiknarann.

Dramatískt línuspil himinsins og létt teiknaðir þrír drangar vinstra megin í myndfleti - undirstrika dularfullt og stórbrotið andrúm staðarins og sýna vel ástríðu teiknarans gagnvart viðfangsefninu.

Lbs. 890 fol. pdf 0042. pdf

Stærð: 138cm x 15cm

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Samsett löng panoramateikning brotin saman frá báðum hliðum inn að miðju; saman límdir 7-8 bútar af þunnum teiknipappír.

Skrifað efst á teikningu fyrir miðju: Continual.... of the land E. of Inderholm (?)

Skrifað inn á teikningu, neðst, f. miðju: Appearance of the land of Indreholm.....
at 2 or 3 miles of Inderholm. Theof the mountain **A**

Hratt teiknuð afstöðumynd af Akrafjalli (lengst til vinstri) inn eftir Hvalfirði og Kjalarnes / Esjan lengst til hægri.

Lbs. 890 fol. pdf 0044.b pdf

Stærð: 24.5cm x 38.6cm

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír

Miðjusettt teikning af litlu mylluhúsi við á; undir þétt teiknuðum klettavegg. Lengst til vinstri burtabæjarþyrping í fjarska uppi á hól. Annars léttteiknuð afstöðumynd.

Lbs. 890 fol. pdf 0045.a pdf

Stærð á teiknipappír: 24cm x 38.5

Lýsing:

Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír

Tvær panoramateikningar á sömu örk, sú efri ýtarlegar unnin, notaður mjög finn penni í fjöllin en sver penni – jafnvel pensill - í forgrunn.

Skrifað efst á efri teikningu:

View of the mountain on our right betweenand B.....from a ground

about meter N of it. **A. A.....** of mounts and volcanic ashes of a dark brown and black colour.

Efri teikningin sýnir þétt teiknaða fjallakeðju, teiknað af mikilli athygli, með þéttri línubeitingu og mjög vel formað; dökkur láréttur kambur í forgrunni, teiknaður með grófari penna.

Neðri teikning er lauslega teiknuð afstöðumynd af 3 tjöldu í forgrunni, neðst í forgrunninum gróflega teiknaður láréttur kambur eða ás. Fjallakeðja í baksýn. Yfir miðja teikninguna teygir sig belti mjög stuttra lóðréttra pennastrika, merkt **A** lengst til vinstri, merkt **B** lengst til hægri.

Skrifað undir efri teikninguna:

View of the same mountain from our tents when I measured it's alt. **A - B** the front of a stream of lava that had run from the opposite mountains on the left, all the intermediate plan hung a Rhinna

Lbs. 890 fol. pdf 0046.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Planteikning af stóru svæði. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír

Skrifað inn á teikningu neðst: Plan of the boiling springs at Reykir (Hveragerði athugasemd P.S.). Athyglisvert er hvernig teiknarinn fléttar saman í teikningunni skrifaðar bókstaflegar athugasemdir sínar við teiknskriktina þannig að hvað rennur inn í annað. Skrifin verður hluti af teikningunni.

Skrifað víða inn á teikningu: "hot wells" og "roaring wells". Raunar leynist nánast yfir alla teikninguna skrifaðar athugasemdir, þær leynast í pennateikningunni, eru hluti af henni, erfitt að greina skriktina frá teikningunni - og stundum erfitt að lesa. Ofarlega í myndfleti til vinstri: "Our tents" : þar eru jafnframt teiknaðir litlir ferningar sem tákna tjöldin. Lengst til hægri neðarlega, undir hraunkambinum/klettunum, er þyrping af litlum ferningum (svipuð stærð og ferningarnir sem tákna tjöldin) sem tákna væntanlega húsabyrpinguna Hveragerði.

Lbs. 890 fol. pdf 0047.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing:

Pennateikning af einum gjósandi hver, hæðir og aflíðandi brekkur umhverfis. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Skrifað inn á teikningu neðst: View of the great boiling spring at Reykum.
Athyglisvert er hvernig teiknarinn fléttar saman í teikningunni skrifaðar bókstaflegar athugasemdir sínar við teikniskriftina þannig að hvað rennur inn í annað. Skriftin verður hluti af teikningunni.

Lbs. 890 fol. pdf 0048.a pdf

Stærð: 24.8cm x 38.5cm

Lýsing: tvær teikningar af sama fyrirbæri (op hversins) á sömu teikniörk: önnur er planteikning (sú efri) , sú neðri þverskurður. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír

Skrifað inn á efri teikningu: Plan of the great boiling well - Reykum. Jafnframt skrifað :
.....with about 6 feet...

Á neðri teikningunni stendur líka skrifað, en erfitt að greina. Þar er þverskurður margra jarðlaga teiknaður með fínlegum svolítið skjálfhentum stuttum ská-línum sem eru brotnar upp með löngum línum sem ganga þvert á þau stuttu.

Lbs. 890 fol. pdf 0049.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Teikning af dal og fjalllendi, teiknað afar fínlega, en í forgrunni dekkri flötur sem er þverskurður af sama landslagi. Inn á þessa teikningu eru teiknaðar tvær minni teikningar, í hornin á þeim báðum beggja vegna eru teiknaðir þrjónar, sem pinna þær upp, líkt og um tvö laus blöð væri að ræða, sem pinnaðar eru ofan á teikningunni af dal og fjallendi. Litla myndin til vinstri sýnir stuðlaberg - inn á hana er skrifað eitthvað sem erfitt er að lesa - endar á "...of the church"
Sú til hægri sýnir goshveri og reykþólstra á dramatískan hátt með grófum línum.

Lbs. 890 fol. pdf 0050.b pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Teikning af bænum Reykir, undir hlíð; stígur reykur upp af hlíðinni bak við bæinn. Lengst til

hægri í teikningunni er stór hver, mikill mökkur. Skrifað neðst á teikningu og merkt inn A og B :

"View of Reikum from the south. **A**: the steam from the great well. **B** : our tents."

Teikningin af tjöldunum við hlið stóra hversins sýnir vel hlutföll/stærðir; tjöldin eru agnarsmá.

Lbs. 890 fol. pdf 0051.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Tvískipt teikning á sama blaði. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Til vinstri: Planteikning af íslensku bændabýli og túni; til hægri teikning af býli horft heim að húsum frá hlaði. Merkt inn á planteikninguna með bókstöfum.

Skrifað undir teikningu: "View of the farmstead. **A**: the door to the farmstead house. **B**: Stables and houses for the Cattle. **C**: the Smithy **D**: roofs of houses a little higher than the others and the entry to these houses is by(ógreinilegt)....in the front at **A**

Lbs. 890 fol. pdf 0052.a pdf ATH staðsetning. Hengillinn?

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Teikningin fæst við birtuskilyrði í opnu landslagi þegar sól brýst fram úr sorta. Horft er fram eftir dal inn í fjarskann, háar hlíðar beggja vegna, klettur í forgrunni lengst til vinstri, dökk hraunbreiða lengst til hægri. Hraunbreiður, hæðir, hólar, skriður og úfið yfirborð túlkað með ákaflega fjölbreyttri pennabeitingu. Helmingur myndflatar ofanfrá sýnir þungann skýjaðan himinn þar sem mjög þétt dökk pennabeiting, krossteiknuð, leysist upp í fínlegar skálínur á ósnertu hvítu svæði; sólstafir. Landslagið lýsist upp inn í fjarskann. Lítið býli stendur í miðjum dal, við bugðotta á.

Lbs. 890 fol. pdf 0053.a pdf

Stærð: 24cm x 91.5cm

Lýsing: Panoramateikning, samsett á tveim blöðum. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír (a.m.k. 2-3 mismunandi sverir pennar? Notar sveran penna í forgrunn, fínlega inn í fjarlægðina). Teikningin sýnir gjósandi eldfjall (Heklu) rétt vinstra megin við miðju og jökulhettu (Mýrdalsjökul) til hægri. Í forgrunni dimmt hraun og nánast lóðréttar klettamyndanir. Undir teikninguna er skrifað með blýanti (sést illa) : View of mt. Hekla in Iceland from the west with the mountains to the south towards Cape-Heckla (? aths. Þ.S.)

Teiknarinn hefur unnið drög að teikningunni með þynntu bleki sem myndar undirbyggingu. Það gefur hraunlögum og klettamyndunum í forgrunni skýr form og dýpt sem eru enn

frekar dregin fram þéttri, lifandi og fjölbreyttri pennabeitingu. Heildarmyndbyggingin leiðir augað að eldspúandi fjallinu, en athyglin, áskorunin, ákafinn og ástríðan er ekki síst greinileg í teikningu efnismikilla kletta og hrauns og aðliggjandi landslags - á móti léttum og loftkenndum gjóskubólstrum og skýjahimni yfir fjallinu. Þarna nýtur teiknarinn sín til fulls.

Lbs. 890 fol. pdf 0055.a pdf

Stærð: 24.4cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki (2-3 mismunandi sverir pennar?) á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Hratt teiknuð yfirlitsmynd af umhverfi Skálholts. Skrifað lárétt efst á teikniörk: "Skálholt the(ógreinilegt aths. Þ.S.) capital of Iceland near the Ferry over (Hvít-? aths. Þ.S.) Aa." Klettur í forgrunni og áin sem bugðast í átt að teiknarinum, húsapyrping í fjarska uppi á hæð, kirkjan augljóslega lang stærsta byggingin.

Lbs. 890 fol. pdf 0056.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Teikningin sýnir Skálholtskirkju horft úr vestri og austur, klettur í forgrunni, Hekla í fjarska hægra megin við kirkjubygginguna, turn og kór snýr að teiknarinum - kórinn snýr til vesturs. Lágreist húsapyrping hægra megin við kirkjuna sem stendur hæst.

Sjá bls. 150 : The Journals of the Stanley Expedition to the Faroe Islands and Iceland 1789

Volume 3: Diary of John Baine: ".....he (the Skálholt's Bishop aths. Þ.S.) told mr. Stanley they had many Authors in Iceland at present - two printing presses one at thethe other at...

They have no Poets at present, No Wonder, In such a Climate where Apollo seldom deigns to shew his face and seldom to communicate his fire to the imagination - and where Cupid's wings are clipt, his arrow tipped with lead and his bow unstrung I had almost said broken where there are neither Woods nor groves, nothing but the everlasting sameness of Mounts and Hrinns except here and there a spot of grass. What in the name of all that is musical should a Poet find to Sing about or if he does, who will regard him."

Lbs. 890 fol. pdf 0058.a pdf

Stærð: 38.5cm x 31.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Planteikning af Geysissvæðinu. Skrifað efst á teikniörk: "General Plan of Geysir" og neðst á blaðið til vinstri "Foot of the Mountain". Teiknað á samsetta örk.

Teikningin sýnir goshverinn sjálfan og umhverfi hans, árfarvegi, læki og rætur fjalllendisins suð-vestan við hverinn. Víða merkt inn á teikninguna " Marsh - Moor ; skrifað við bugðotta árfarvegi á tveimur stöðum: "Hiots-Aa" . Skrifað við næsta umhverfi hversins " Hill of fine Grafs" og síðan inn á það svæði "Geyser" .

Lbs. 890 fol. pdf 0059.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Önnur planteikning af Geysissvæðinu. Skrifað efst í vinstra horn: "Particular Plan of the Geyser" Teikningin er lögð (gulnuðum) fernis(?).

Teiknað vinstra megin í myndflöt kletta-upphækkun. Hægra megin næst henni " H. springs almost hid among stones" - og rétt þar hægra megin við " Other springs almost hid" lengra til vinstri " smoking holes" "springs" og fleiri skrifaðar athugasemdir, ekki alltaf greinilegar. Þar upp af og til hægri hringlaga svæði merkt " Old Geysir" , þar fyrir skrifað lóðrétt fyrir ofan: " 300f" og litlu neðar: "Roaring Geysir" . Til vinstri við þetta svæði er skráð mikið af athugasemdum, ekki allar greinilegar.

Lbs. 890 fol. pdf 0060a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Skrifað neðst á teikningu: "View of the(ógreinilegt aths. Þ.S.) of Geyser from a(ógreinilegt aths. Þ.S.) hot spring near Hakadal about a mile N of(ógreinilegt aths. Þ.S.)

Teikningin sýnir gufubóltra frá hver lengst til vinstri, létt teiknað með sveigðum línun, hraukur af grjóti efst á hæð til vinstri undir bólstrunum, uppi á hæð. Vatn eða á vinstra megin við hæðina, fjalllendi þar lengra til hægri.

Lbs. 890 fol. pdf 0061a pdf

Teikning 1 (til vinstri): Stærð: 19.5cm x 24.5cm

Teikning 2 : Stærð: 19.3cm x 24cm

Lýsing: Tvær teikningar teiknaðar á tvö blöð með penna / bleki á þunnan teiknipappír,

báðar límðar hlið við hlið upp á sama þykka pappírinn.

T 1: Teikningin til vinstri sýnir Geysisgos, skrifað neðst fyrir miðju: "View of spouting Geysir". Sjónarhornið á goshverinn þannig að sést vel ofan í skálina.

T 2 : Teikningin til hægri er planteikning, á hana er skrifað neðst fyrir miðju: " Plan of the old Geysir" og sýnir gýg hversins, skálina, eins og hún væri séð ofanfrá, hringlaga form með mjög dökkri miðju, sjálf uppsprettan.

Sjá bls. 151 : The Journals of the Stanley Expedition to the Faroe Islands and Iceland 1789

Volume 3: Diary of John Baine, Aug.12. 15 day: " *But I had soon reason to congratulate myself on the prospect before me, just as I was admiring the regularity and beauty of the old Geyser which is a mound almost circular with a easy and uniform ascent all round on little Shelves formed by the incrustations of its water the top beautifully crusted over - and the basin almost as regular as if constructed by Art declining gently down to the water sunk about 3 feet below the brink thro which I could discern the round hole about 10 feet diam thro which the water Spouts....*"

Lbs. 890 fol. pdf 0062.a pdf

Teikning 1 (t.vinstri) : Stærð: 24.3cm x 19cm

Teikning 2 : Stærð: 24cm x 19cm

Lýsing: Tvær teikningar á tvö blöð með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límðar hlið við hlið upp á sama þykka pappírinn.

Teikningin til vinstri sýnir Geysisskálina, í þverskurði.

Teikningin til hægri sýnir Geysir í gosi, en sjónarhornið er neðar og lítið sést ofan í skálina.

Lbs. 890 fol. pdf 0063.a pdf

Teikning 1 (t.v.) : Stærð: 24.2cm x 19cm

Teikning 2 : Stærð: 24cm x 19cm

Lýsing: Tvær teikningar á tvö blöð með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límðar hlið við hlið upp á sama þykka pappírinn.

Teikning 1: Sú til vinstri sýnir þrjá hverir teiknað með áköfu línuspili; í forgrunni er hringlaga lagskipt form og undir því stendur skrifað "Pit of New Geyser" - lögð er áhersla á að gera grein fyrir forminu, hverinn er ekki í gosi . Lengst til hægri er hátt gos; inn á fót hversins stendur skrifað " Old Geyser" - og á miðju myndflatar er þriðji hverinn gjósandi undir hann er skrifað " Roaring Geyser" .

Teikning 2: Teikningin til hægri sýnir goshverina þrjá frá öðru sjónarhorni, fremsti gýgurinn sýnu stærstur, er ekki í gosi, en tveir bakatil hátt gjósandi. Þessar teikningar af hverunum eru þétt unnar og ástríðufullar í teikningunni. Lengst til vinstri í teikningunni er Hekla í fjarska, rýkur úr henni og lítið **B** við gýginn. Neðst á teikninguna til hægri er skrifað " Geyser from the North (? ógreinilegt. aths. Þ.S.) . A Pit of O. Geysir. **B** M. Hekla"

Lbs. 890 fol. pdf 0064.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38cm

Lýsing: Lárétt teikning af goshver, teiknuð á þunnan pappír og límd upp á þykkari pappír. Teikningin sýnir umhverfi goshveranna, vinstra megin við miðju er gosstrókur sem nær lóðrétt upp úr teikningunni. Til hægri við goshverinn þétt teiknað svæði, upp af þeim stíga upp 2 þunnir gufumekkir. Hratt teiknað. Skrifað neðst á teikningu " This jerk (? ógreinilegt aths. Þ.S.) of Geyser was about 120 feet high. It was the last (ógreinilegt aths. Þ.S.) we saw"

Lbs. 890 fol. pdf 0065.a pdf

Stærð: 24.4cm x 38cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. "Fernis" ójafnt / misþykkt penslaður yfir teikninguna. Fernisinn hefur ákveðinn okkurbrúnan lit - eða hefur gulnað með tímanum (Fernisinn seinni tíma ráðstöfun? Aths. Þ.S.). Teikning af fjallendi sem teygir sig frá vinstri til hægri inn á myndflötinn, undir því vatnsbakki, lítill bátur og menn neðst í myndfleti til vinstri. Fjallendið endar í miklum stapa eða fjalli sem gnæfir hátt ; þar hægra megin við við jaðar pappírsins sést lítill eyja á vatninu og í fjarska fjöll. Athygli teiknarans er á fjallendinu; hamrabeltum og láréttum stuðlabakka sem nær niður að vatninu. Teiknarinn hefur skrifað neðst í myndflöt við pappírjaðarinn: "View on Thingvalla vatn"

Lbs. 890 fol. pdf 0066.a pdf

Stærð: 40cm x 23.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír - gat á þunnum teiknipappírnum efst vinstra megin við jaðar pappírsins - í himninum. Teikningin sýnir hátt sjónarhorn af landslagi þar sem í forgrunni er grýtt og hár klettadrangur hægra megin, lægra barð til vinstri. Horft yfir dal eða laglendi þar sem liðast krókótt á framan við hraunjaðar sem þekur hluta láglandisins. Úfið fjallendi handan láglandisins. Til vinstri við fót fjallendisins er teiknuð lágurétt röð af 8-9 einsformuðum hólum eða hæðum. Engin skrift á teikningunni.

Lbs. 890 fol. pdf 0067.a pdf

Stærð: 23cm x 40cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír. Þunnur

"fernir" penslaður nokkuð jafnt yfir teikninguna. Fernisinn hefur ákveðinn okkurbrúnan lit - eða hefur gulnað með tímanum (Fernisinn seinni tíma ráðstöfun? Aths. Þ.S.).
Teikningin sýnir Geysissvæðið, tveir hverir gjósandi, gufur stíga upp á fleiri stöðum.
Teiknað frá öðru sjónarhorni en í fyrri teikningum; hæðir/fjall á bak við hverasvæðið, sjálfri bungunni sem hverirnir stíga upp af er veitt einna mest athygli. Lárétt, stutt pennastrik gefa til kynna einskonar skorpu sem liggur yfir hverabungunni.

Lbs. 890 fol. pdf 0068.a pdf

Stærð: 24cm x 39cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.
Teikningin er útfærð af mikilli yfirlegu og ástríðu. Með einstaklega fjölbreyttri pennabeitingu dregur teiknarinn upp lægð í landslagi, milli hárra kletta / hraundranga beggja vegna í myndfleti. Á milli þeirra streymir storknað hraun - þar fyrir ofan í fjarska og birtu gnæfir enn hærri fjallstindur. Tjörn í forgrunni lengst til vinstri. Birtuskilyrðin skýrt dregin upp, ljósið mest á yfirborð tjarnarinnar í forgrunni til vinstri og skáhallt upp í átt að klettinum til hægri, kallast á við birtuna í efsta fjallstindi sem er miðjusetur ofarlega í myndfleti. Í teikningunni rúmast allar gerðir lína og punkta - frá örstuttum "stakkato" pennastrikum, stuttum krossstrikum, löngum láréttum línunum, stuttum lóðréttum skjálfandi línunum, þéttstrikunum sverum lóðréttum línunum. Staðurinn óskilgreindur, engin skrift á teikningunni.

Lbs. 890 fol. pdf 0069.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.
Skrifað efst á teikningu "A Cavern on the right in descending to Thingvallavatn - a little beyond the mountains of black Tufa". Athygli teiknarans beinist að þykkt hraunskorpunnar og dimmu loftrúminu undir; yfirborð skorpunnar teygir sig áfram inn í myndflötinn þar sem sést í Þingvallavatn, eyju og fjöllótt landslag þar handan við - og upp til vinstri í bratta fjallshlíð.

Lbs. 890 fol. pdf 0070.b pdf

Teikning 1 (t.v.) : Stærð: 19cm x 24cm

Teikning 2 : Stærð: 19cm x 23.5

Lýsing: Tvær teikningar hlið við hlið - lóðrétt. Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límdar á þykkari pappír.

T.1 : Skrifað á teikningu til vinstri, neðst: "The eastmost Cave at Stappinn "

T 2 : Skrifað á teikningu til hægri, neðst: "The eastmost Cave at Stappinn "

Tvær vandlega útfærðar teikningar, þétt teiknaðar - af helli (hellum? aths. Þ.S.) við Stapa; á þeirri til hægri sést gat í lofti hellsins, og op hans. Virðist vera sami hellir frá tveim sjónarhornum.

(**ATH.** röð á teikningum. Ætti að vera með teikningum frá Snæfellsnesi. Þ.S.)

Lbs. 890 fol. pdf 0071.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Skrifað east á teikniörk: " Our first Landing Place at Stappinn."

Athygli teiknarans beinist stuðlamyndunum í tveim stórum láréttum stuðlabergsstöpum sem rísa lóðrétt úr sjó við þverhníptan bjargvegginn. Birtan kemur inn frá vinstri og lýsir eina hlið þess stapa sem staðsettur er rétt vinstra megin við miðju myndflatar- birtan leggst lárétt framan við hann á sléttan sjóinn í vikinni og undirstrikar lárétta stuðlana í stapanum - og skín síðan á ská upp eftir bjargveggnum til hægri. Stapinn blasir við í fjarska hægra megin við miðjan myndflöt - þrír menn á bjargbrúninni.

(**ATH.** röð á teikningum. Ætti að vera með teikningum frá Snæfellsnesi. aths. Þ.S.)

Lbs. 890 fol. pdf 0072.a pdf

Stærð: 24cm x 39cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Skrifað neðst á teikningu till hægri: " Front of(óskýrt aths Þ.S.).. Lava on Mt.

Hekla when we left our horses to ascend Mt. Hekla on foot"

Nákvæmt teiknuð lýsing á steinhlöðnum vegg eða byggingu sem ekki er yfirbyggð með þaki.

Hver einstakur steinn í hleðslunni nákvæmt teiknaður, steinar hleðslunnar eru óreglulegir - etv. hraungrýti, veggurinn virðist hanga saman á óreglunni. Til vinstri við miðju er op á byggingunni og inngangur inn í rými. Lengst til hægri, í baksýn, brött hlíð (Hekluhlíðar?).

(**ATH.** röð á teikningum er ekki rétt m.t.t. leiðarinnar sem farin er. Þessi teikning ætti að vera með öðrum teikningum frá Heklu. aths. Þ.S.)

Lbs. 890 fol. pdf 0073.a pdf

Stærð: 24.5cm x 39cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Skrifað á teiknipappír neðst til vinstri: "Plan of Mount Hekla"

Teikningin sýnir sjónarhorn af himnum beint fyrir ofan gíg Heklu, nákvæmlega teiknuð en jafnframt einstaklega lifandi og fjölbreytt pennabeiting. Teiknarinn sýnir snævi þakinn gíg Heklu ofarlega í myndfleti, vinstra megin við lóðréttu miðju. Í neðri helmingi hægra megin við lóðréttu miðju eru litlir gígar í klasa, en vinstra megin er svolítill hóll. Klettabeltin í kringum gíginn mynda krossfisklaga stjörnu - rinstaklega lipurlega teiknað.

Lbs. 890 fol. pdf 0074.b pdf

Stærð: 25cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.
Skrifað efst till vinstri á teiknipappírinn: " The highest summit of Mount Hekla from the south-west edge of the Crater"

Ítarlega útfærð teikning af tveimur meginformum, reglulegri keili og óreglulegu klettaformi: á miðju og hægra megin við lóðréttu miðju er stórt reglulega lagað keiluform - þar sem allra efsta hluta keilunnar vantar, "ofið" með mjög þéttu dökku línuneti, ákaflega fjölbreyttri línubeitingu; beinar línur, punktar, kommur, "krullulínur" - og langar línur sem eru uppistaðan í vefinn - frá fæti keilunnar og upp á topp. Til vinstri í forgrunni er klettadrangur, ákaflega sterklega formaður í 4 lögum/hæðum, formað með krossbeitingu línunnar. Hægra megin við dranginn og framan við keiluna eru brot úr klettinum á dreif. Í þessari teikningu nýtur sterk formkennd teiknarans sín til fulls og áköf hrifning/ástríða kemur vel fram.

Lbs. 890 fol. pdf 0075.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.
Teikningin er lögð léttum gulbrúnum fernis. Teiknarinn hefur jafnframt teiknað þéttar krosslínur með fernis efst til vinstri við gýg eldfjallsins - leggur þannig áherslu á ljósan gufustrók sem leggur af gýgnum til hægri.

Teikningin hefur verið skorin til - sneitt mjög nærri skrift neðst til hægri í myndfleti.

Skrifað " Mount Hekla at about.....above its base"

Lbs. 890 fol. pdf 0076.a pdf

Stærð: 26cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, á þykkari pappír en aðrar teikningar.

Teikningin er lögð léttum gulbrúnum fernis.

Teikningin er stíft teiknuð og án ástríðu; lýsing á Þingvallasvæðinu.

Neðst í myndfleti, þar sem fernis sleppir, stendur skrifað:

"View of Thingvalla - and the houses where the Supreme Courts are held annually, called Althingi"

Lbs. 890 fol. pdf 0077.a pdf

Stærð: 24cm x 39cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Staður óskilgreindur.

Ítarlega teiknuð stúdía af háum, dimmum þverhníptum klettavegg sem leiðir frá vinstri í átt að enn hærra fjallendi sem nær hátindi hægra megin við miðju, í fjallstindi. Stöðuvatn undir hálendinu og vinstra megin í myndfleti í skugga klettaveggjarins eru tvö hús, ásamt lágum útihúsum, framan við húsins standa tvær mannverur og þrjár ær(?). (Gæti verið að þessi teikning tilheyrði Færeyjateikningunum? Þ.S.)

Lbs. 890 fol. pdf 0078.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Athyglinni er beint að reglulegum stuðlabergsformum sem staðsett eru í forgrunni til hægri; í baksýn fyrir miðju til vinstri, lauslega teiknum baksýn af Skálholtsstað, kirkjunni og húsunum í kring.

Lbs. 890 fol. pdf 0079.a pdf

Stærð.....

Lýsing: Teiknað hratt með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Létt teiknuð stúdía af jarðlögum; í baksýn halla jarðlögin svolítið frá vinstri niður til hægri, en í forgrunni er létt teiknað þversnið af fjallendi þar sem jarðlögin eru lárétt.

Lbs. 890 fol. pdf 0080.a pdf

Stærð: 24cm x 39cm

Lýsing: Teiknað með penna / bleki á þunnan teiknipappír, límt á þykkari pappír.

Hátt sjónarhorn yfir stórt landslag; í forgrunni beggja vegna - til vinstri og hægri - eru stórkarlalegir klettadrangar, minna grjót í forgrunni fyrir miðju - frekar gróft teiknað.

Framundan í fjarska er ákaflega fínlega og ítarlega teiknað landslag – inn á hálendið (?) aths. Þ.S.) , sjónarhornið eins og séð ofan úr fjalli - birtan kemur innan frá hálendinu.

Lbs. 890 fol. pdf 0081.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / svörtu bleki á þunnan teiknipappír, blátt vatnsþynnt blek notað í himinn og í kletta – þunnur gulur fernis(?). Þunnur teiknipappírinn límdu á þykkari pappír.

Teikningin er óljós og látin renna út með þynntu bleki. Gæti þó líkst senu frá Þingvöllum, hamraveggur í baksýn, byggingar sýnilegar ásamt afmörkuðu hringlaga svæði - þverhníptur klettur lengst til hægri. Áhugaverð nálgun við landslag miðað við tímamann 1789, hundrað árum á undan breska málaranum Turner f. 1775 – d. 1851 (...(Þ.S.)).

Lbs. 890 fol. pdf 0082.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / svörtu bleki á þunnan teiknipappír, hann límdu upp á þykkari pappír.

Frekar hröð teikning þar sem í forgrunni eru gróðri vaxnir hólmar í vatni, klettur skaga út í vatnið, fjöll í bakgrunni (Þingvallavatn? aths. Þ.S.)

Lbs. 890 fol. pdf 0083.a pdf

Stærð: 24.5cm x 38.5cm

Lýsing: Teiknað með penna / svörtu bleki á þunnan teiknipappír, hann límdu upp á þykkari pappír.

Ítarleg teikning af hömrum beggja vegna gjár (Almannagjár? Þ.S.) Til að draga fram áhrif klettaveggjanna er himininn mjög þétt teiknaður og dramatískur, lýsist er neðar dregur og í átt að björtu landslagi í fjarska sem er ákaflega létt og fallega teiknað með fínlegum en margbreytilegu línuspili.

Lbs. 890 fol. pdf 0084.a pdf

Stærð: 19.5cm x 33cm (bútur klipptur frá: 6cm x 7.4cm)

Lýsing: Teiknað með penna / svörtu bleki á þunnan teiknipappír, hann límdu upp á þykkari pappír.

Skrifað east á teiknipappír: "View of Krusivig and the Sulphur mountains from the (N? aths. Þ.S.)-east and the Church where we slept"

Þar fyrir neðan eru teiknaðir formlegir stafir, líkt og prentletur, teiknaðir inn í línugrind til að þeir séu sem jafnastir:
" CARTE DE LA PLAINE

De TROYE. LEVEE EN
MDCCLXXV ET VI PAR MC"

Teikningin sýnir húsaþyrpingu undir fjallendi. Létt teiknuð og lögð fernis. Teikningin er klippt þannig að vantar alveg vinstra hornið neðst til vinstri og inn yfir miðja mynd . Smá búmer úr (að því er virðist) annarri teikningu límdur iinn á þykkari pappírinn sem teikningin er límd á.
